

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 404/1989. **Sigurður Eiríksson**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Selfossveitum

(Páll A. Pálsson hrl.).

Hitaveita. Heimæðargjald. Gjaldtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1989. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, meðal annars samningur 3. september 1992 milli Eyrarbakkahrepps, Stokkseyrarhrepps og Selfosskaupstaðar. Samkvæmt honum koma Selfossveitur í stað Hitaveitu Eyra og hafa tekið við aðild málsins.

I.

Hinn 17. febrúar 1982 sendi áfrýjandi Hitaveitu Eyra formlega beiðni um tengingu á hitakerfi húss síns að Hjallavegi 1 á Eyrarbakka við hitaveituna. Í kjölfar þess greiddi hann umkrafið heimtaugargjald vegna hússins. Í lýsingu á hitakerfi hússins á eyðublaði frá Hitaveitu Eyra er greint frá fjölda ofna í því, en ekkert skráð í reit, sem ber yfirskriftina bílskúr. Samkvæmt fasteignaskrá er umrætt hús hlaðið.

Áfrýjandi hóf síðar smíði bílskúrs úr timbri á lóð sinni. Hann er ekki sambyggður íbúðarhúsinu. Samkvæmt áritun á uppdrátt að bílskúrnum var leyfi til smíði hans veitt 30. ágúst 1981. Í aðilaskýrslu á aukadómpingi Árnassýslu 14. mars 1989 kveðst áfrýjandi ætla, að smíði bílskúrsins hafi hafist á árinu 1984. Hann kveðst hafa einangrað bílskúrinn haustið 1988, en klæðningu hans að

innan sé ólokið. Bílskúrin er ekki upphitaður, og kveður áfrýjandi óráðið, hvort svo verður áfram.

II.

Samkvæmt leiðbeiningum til notenda, sem gefnar voru út af Hitaveita Eyra 1981, eru gjöld þau, sem notendur þurfa að greiða til hitaveitunnar, annars vegar heimæðargjald og hins vegar mán-aðarlegt orkugjald. Miðast heimæðargjaldið við rúmmál húsnæðis á lóð. Í leiðbeiningunum segir meðal annars svo: „Um það leyti, sem gengið er frá inntaki í hús, sendir hitaveitan húseiganda reikning fyrir heimæðargjaldi.“ Slíkur reikningur vegna bílskúrsins var sendur áfrýjanda 14. ágúst 1987.

Í 4. mgr. 32. gr. orkulaga nr. 58/1967 segir, að í gjaldskrá hitaveitu megi ákveða sérstakt heimæðargjald. Í gjaldskrá fyrir Hitaveitu Eyra nr. 64 frá 6. febrúar 1987 er svofellt ákvæði í 9. gr.: „Nú er tengingu heimæðar lokið, og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft.“ Samhljóða ákvæði er í 9. gr. gjaldskrár hitaveitunnar nr. 91 frá 17. febrúar 1988, en með henni var eldri gjaldskráin felld úr gildi.

III.

Heimæð hitaveitu hefur enn eigi verið tengd við hitalögn í um-ræddum bílskúr, og óvíst er, hvort af því verður. Brestur við svo búið lagaskilyrði fyrir innheimtu heimæðargjalds vegna bílskúrsins. Þessu haggar ekki nýmæli í 7. gr. núgildandi gjaldskrár, sem stefndi ber fyrir sig, en þar segir, að heimæðargjöld skuli reikna af öllu húsrými á lóð. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sigurður Eiríksson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Selfossveitna, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 18. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi miðvikudaginn 14. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri miðvikudaginn 14. október 1987.

Stefnandi er Hitaveita Eyra, Stokkseyri (nnr. 4151-2180).

Stefndi er Sigurður Eiríksson, Hjallavegi 1, Eyrarbakka (nnr. 7850-2703).

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 10.108,15 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

— — —

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þá dómkröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að viðbættum 10% söluskatti (sic) skv. lögum nr. 68/1987.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnukrafa máls þessa er vegna heimædagjalds hitaveitu, er stefnandi telur stefnda eiga að greiða af bilageymslu, er hann reisti við hús sitt að Hjallavegi 1 á Eyrarbakka.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta snýst eingöngu um greiðsluskyldu. Aðilar eru sammála um það, að stefndi eigi að greiða 10.108,15 kr. ásamt umkröfðum vöxtum, sé greiðsluskylda talin fyrir hendi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á þremur ástæðum, í fyrsta lagi, að heimild skorti í gjaldskrá Hitaveitu Eyra frá 20. 2. 1987 til gjaldtökunnar, í öðru lagi, að krafan sé íþyngjandi fyrir stefnda og verði því að vera ótvíræð heimild í gjaldskrá eða lögum, til þess að krefja megi um gjaldið, og í þriðja lagi sé gjaldið, verði talið, að það beri að greiða, ekki gjaldfallið.

Um fyrstu ástæðu er það að segja, að ekki verður talið, að heimild skorti í umrædda gjaldskrá til gjaldtökunnar. Í gjaldskránni er ekkert, sem bendir til þess, að viðbyggingar eða nýbyggingar séu undanþegnar gjaldinu, og það væri algerlega andstætt eðli máls, að slíkar byggingar væru undanþegnar gjaldinu, þar sem þá mætti komast hjá því að greiða heimædagjald að mestu leyti með því að reisa fyrst lítinn hluta byggingar eða bygginga á lóð, en byggja síðar við eða reisa nýbyggingar á lóðinni. Sá skilningur, sem stefndi leggur í 7. gr. gjaldskrárinnar, er svo andstæður eðli máls, að það þyrfti þvert á móti skýra heimild í reglum, til þess að hann yrði lagður til grundvallar.

Enda þótt krafa stefnanda um gjaldið sé íþyngjandi, getur það ekki orðið til þess, að skýra beri 7. gr. gjaldskrárinnar andstætt eðli máls.

Sú ástæða, að gjaldið sé ekki gjaldfallið, stafi af misskilningi. Samkvæmt eðlilegum skilningi á 9. gr. gjaldskrárinnar er gjaldið gjaldkræft, þegar lagningu heimæðar er lokið og hún hefur verið tengd kerfi hitaveitunnar, og í þessu tilviki er svo.

Í máli þessu er og á það að líta, að stefndi hefur samþykkt tengingarbeiðni.

Við munnlegan málflutning kom fram, að honum var eigi skylt að tengja hús sitt hitaveitunni. Það er almenn regla, þegar menn óska eftir viðskiptum og semja ekki sérstaklega um verð, að mönnum ber að greiða það, sem upp er sett, nema það verði talið ósanngjarnt, og hafa hér áður verið leidd að því rök, að gjaldtakan sé ekki ósanngjörn.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að um greiðsluskyldu sé ótvírætt að ræða, og þar sem ekki er ágreiningur um kröfufjárhæð né vexti, svo sem fyrr segir, ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda 10.108,15 kr. með eftirfarandi dráttarvöxtum á ári:

— — —
Þá ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 45.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Þess skal getið, að dómari gekk á vettvang í málinu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarsans.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurður Eiríksson, greiði stefnanda, Hitaveitu Eyra, 10.108,15 kr. með [nánaar tilgreindum dráttarvöxtum].

Stefndi greiði stefnanda 45.000 kr. í málskostnað.
